

AÐ FINNA EFNI Í ALÞINGISTÍÐINDUM

Alþingistíðindi 1973-1986

Þegar finna á þingskjöl og/eða umræður um tiltekið málefni er einfaldast að fletta upp í aðalefnisyfirliti sem er fremst í 1. b. B-deildar. Þar er vísað beint til númers þingskjala sem eru birt í **A-deild**

Sakadómur í ávana- og fikniefnamálum, stjfrv. A.
Þskj. Nd.: 541, n. 828, 829, 847; Ed.:872, **938 lög**
(=847). – Nefnd: Allsherjarnefndir. – B. 2984-2986,
3747-2986, 3747-3748, 3752, 3767-3768, 3939-3940,
4077.

og /eða **dálkanúmers umræðna** sem eru birt í **B-deild**. (Í B-deild eru tveir númeraðir dálkar á hverri síðu, en ekki blaðsíðutal.)

Alþingistíðindi 1986-

Þegar finna á þingskjöl og/eða umræður eftir 1986 er flett upp í aðalefnisyfirliti. Í *Landsbókasafni* er það ýmist í sérstöðu bindi eða bundið fremst í 1. b. A- og B- deilda. Fljótlegast er að fletta upp í skrá 2. Þingmál og umræður. Þar eru þingmál í stafrósröð eftir heiti þeirra í dagskránni ásamt **málsnúmeri**. Flett er upp í A-deild til að finna tilheyrandi þingskjöl (Þskj.) sem raðað er í númeraröð

Skylduskil til safna, 590 mál (heildarlög).
Frumvarp til laga um skylduskil til safna.
Stjfrv. (menntamálaráðherra).
Þskj. 933, útbýtt 26. mars 2001.
1. umræða 24. apríl
Umr.: 5714-5715 (menntamrh. BBj) Umr. (atkvgr.)
frestað.

og umræður (Umr.) vísa í dálkanúmer í B-deild.

Greinargerðir eða athugasemdir við frumvörp og þingsályktunartillögur fylgja alltaf fyrsta þingskjali hvers máls og eru því oftast að finna í *Alþingistíðindum* árið áður en löggin eru birt í *Stjórnartíðindum*.

Greinargerð með tilteknu lagafrumvarpi er fljótlegast að finna í *Lagasafni*, á [althingi.is](https://www.althingi.is), smella þar á *Lög samþykkt á Alþingi* og síðan á heiti laganna. Þá koma fram öll þingskjöl og umræður sem tengjast lögnum.

TILVÍSANIR Í ALÞINGISTÍÐINDI

Á vef Alþingis og í *Efnisyfirliti Alþingistíðinda*, í viðauka, eru leiðbeiningar um hvernig vísa megi til þingskjala. Eftirfarandi dæmi eru tekin úr *Efnisyfirliti 2001-2002*, bls. 376-377.

Þingskjöl (A-deild)

Vísað í athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 573. júní 1996, um umgengni við nytjastofna sjávar, á þskj. 348, 286, mál á 127. löggjafarþingi.

Tilvísun verður:

Alþingistíðindi 2001-2002, 127. löggjafarþing. A: Þingskjöl. Þingskjöl 348, bls. 1608.

Skammstafað:

Alþt. 2001-2002. 127. lögb. A: Þskj. 348, bls. 1608.

Sérprentuð þingskjöl (lausaskjöl)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 573, júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, þskj. 348 bls. 1.

Alþingi 2001-2002. 127. löggjafarþing.

Tilvísun í vefútgáfu:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 573. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 286 mál, þskj. 348. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/127/s/0348.html> [Sótt: 04.07.2024]

Umræður (B-deild)

Vísað í umræður á Alþingi 12. mars 2002 um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa, 575. mál á þskj. 902.

Tilvísun verður:

Alþingistíðindi 2001-2002, 127. löggjafarþing. B: Umræður 5066.

Skammstafað:

Alþt. 2001-2002, 127. lögb. B. Umr.: 2090.

Tilvísun í vefútgáfu:

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/127/03/r12183033.sgml> [Sótt 04.07.2024]

Bráðabirgðaútgáfa þingræðna er send út á vefinn jafnskjótt og ræður hafa verið ritaðar. Eins og þar kemur fram er ekki heimilt að vísa í hana.



Um Alþingistíðindi

ALÞINGISTÍÐINDI – efnistilhögun

Á árunum 1843-1873 kom út ritið *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* og *Tíðindi frá þjóðfundi Íslendinga* kom út árið 1851. Útgáfa *Alþingistíðinda* hófst árið 1875.

Alþingi kom saman annað hvert ár fram til 1921 og aukþing voru haldin eftir þörfum.

Efnistilhögun ritanna á ýmsum tímum:

1845-1861:	Efni óskipt
1863-1881:	Í tveimur hlutum. Umræður og þingskjöl yfirleitt aðskilin
1883-1903:	A: umræður í efri deild og sam. þingi. B: umræður í neðri deild. C: þingskjöl
1905-1917:	A: þingskjöl B: umræður
1917-1920:	A: þingskjöl B: umræður um samþykkt mál og afgreidd C: umræður um fallin mál, óútrædd, afturkölluð og um fyrirsurnir
1921-1972	A: þingskjöl B: umræður um samþykkt frumvörp C: umræður um fallin frumvörp D: umræður um þingsályktunartillögur og fyrirsurnir
1973-	A: þingskjöl B: umræður

Heildarefnisyfirlit er til fyrir tímabilið 1845-1907.

Aðalefnisyfirlit *Alþingistíðinda* er fremst í 1. b **B-deildar** hvers árs fram til ársins 1986. Þar er vísað beint í *númer þingskjals* sem er í **A-deild** og til *dálkatala* umræðna sem eru í **B-deild**.

Árið 1986 voru gerðar breytingar á aðalefnisyfirliti og var það gefið út sem sérstök skrá, sem *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* lét fyrst binda inn fremst í 1. bindi bæði **A-** og **B-deildar** en sem sérstakt bindi frá 1992-2008/9.

PRENTUÐ ÚTGÁFA

Alþingistíðindi eru til í prentaðri útgáfu frá 1845 til ársins 2009 (136. löggjafarþings). Frá og með 137. löggjafarþingi 2009 hætti prentútgáfa.

RAFÆN ÚTGÁFA

Á althingistidindi.is er heildarútgáfa Alþingistíðinda aðgengileg, þ.e.a.s. frá 1845- .

VEFÚTGÁFA

Alþingistíðindi eru einnig á vef *Alþingis* undir *Þingfundir og mál*. Þar er hægt að leita að efni, t.d. að þingmálum í þingmálalista, ræðum og þingskjölum þingmanna og í texta þingskjala.

Alþingistíðindi eru í tveim deildum. Í **A-deild** eru *þingskjöl* og **B-deild** eru *umræður* sem fóru fram á þinginu.

A-deild: þingskjöl

Þingmál eru mál sem lögð eru fram á Alþingi og fær hvert sitt **málsnúmer**. Fyrsta mál sem lagt er fram á hverju löggjafarþingi verður þingmál númer 1, næsta verður númer 2 o.s.frv. Í hverju þingmáli er eitt **þingskjal** eða fleiri. **Þingskjal** er prentað skjal sem bókað er í skjalaskrá Alþingis og útbýtt til þingmanna á þingfundi, s.s.:

- frumvörp til laga (frv. eða stjfrv.)
- þingsályktunartillögur (páltill.)
- nefndarálit (nál.)
- breytingartillögur við frv. og páltill.
- fyrirsurnir (fsp.) og svör
- skýrslur og skýrslubeiðnir

Hvert þingskjal fær sérstakt **þingskjalsnúmer**, tölusett í hlaupandi röð, auk **málsnumersins**. Meðan þing sat í tveimur deildum voru þingskjöl jafnframt merkt þeirri deild sem þau voru lögð fram í; Ed, efri deild og Nd, neðri deild.

Greinargerðir eða **athugasemdir** við frumvörp og þingsályktunartillögur fylgja alltaf fyrsta þingskjali hvers máls, þ.e. frumvarpinu sjálfu eða þingsályktunartillögum.

B-deild: umræður

Umræðum sem fara fram á þingi er skipað í tímaröð eftir því hvenær þær fóru fram. Tölutilvísanir í umræður í efnisyfirliti *Alþingistíðinda* merkja *dálkatala*. Fram til ársins 1986 var **aðalefnisyfirlit** beggja deilda fremst í **B-deild**.

AÐALEFNISYFIRLIT 1986

Frá og með árinu 1986 hefur verið gefið út árlegt aðalefnisyfirlit þar sem teknar eru saman skrár með þeim upplýsingum sem reynslan hefur sýnt að helst er leitað eftir. Efnisyfirlitið tekur til alls efnis **Alþingistíðinda**, þ.e. bæði þingskjala í **A-deild** og umræðna í **B-deild** og kemur út skömmu eftir þinglok. Því er skipt í nokkrar skrár sem flestum er raðað í **stafrófsröð**.

I. Aðalefnisyfirlit

1. Almenn efnisskrá
2. **Þingmál og umræður** í stafrófsröð eftir heiti í dagskrá
3. Annað efni þingfunda

II. Aðrar skrár

1. Málaskrá
2. Skrá um flutningsmenn
3. Mælendaskrá
4. Nefndaskipun
5. Lög sett á þinginu
6. Ályktanir Alþingis
7. Erindaskrá þingmála annarra en fjárlaga
8. Erindaskrá fjárlaga
9. Erindaskrá annarra mála en þingmála
10. Alþingismenn og varaþingmenn

III. Viðauki

1. Umræður utan dagskrár
2. Útvarpsumræður
3. **Skammstafanir**
4. **Tilvísanir í Alþingistíðindi**
5. Leiðréttingar
6. Stytt þingskjöl

ÁLYKTANIR ALÞINGIS

Ályktanir Alþingis hafa verið gefnar út í sérstaklega fyrir tímabilin 1974-1986 og 1986-1991.

LAGASAFN – STJÓRNARTÍÐINDI

Lög samþykkt á Alþingi öðlast gildi við birtingu í *Stjórnartíðindum* á stjornartidindi.is. Á vef Alþingis er aðgangur að *Lagasafni* sem er uppfært a.m.k. tvisvar á ári. Þar er lögum raðað eftir lagaheitum, númerum, kaflaheitum o.fl.